Grunnmynd
Mkv. 1:50



OFNASKRÁ								
Framrás/bakrás=75°/35°C dt=40°C dp = 0,10bar								
Ofn nr.	Stærð ofnloka	Gerð/ hámarkshæð ofna [mm]	Mesta lengd ofna [mm]	Lágmarks afköst W	Stúta-staðsetn.	Stillitala Ofnloka Danf.-RA-N	Stillitala Ofnloka TA-v.vinkil	Stillitala Ofnloka TA-beinn
1-1	DN10	Panel ofn / 600	1.800	1.120	CD	2	3	3
1-2	DN10/b	Panel ofn / 600	1.200	400	AB	2	2	2
1-3	DN10/b	Panel ofn / 600	600	400	CD	2	2	2
1-4	DN10	Panel ofn / 2000	600	1.220	EF	3	4	4
1-5	DN10	Handkl.ofn / 1700	600	400	EF	2	2	2
1-6	DN10	Gólf ofn	2.400	650		2	2	2
1-7	DN10	Gólf ofn	2.400	500		2	2	2
1-8	DN10	Gólf ofn	2.400	660		2	2	2
1-9	DN10	Panel ofn / 600	1.200	400	CD	2	2	2
			Heild ofna:	5.750				

ALMENNAR SKÝRINGAR HITALAGNA

Í grein 120.2 í Byggingareglugerð segir :
"Á meðan ekki eru til staðlar og/eða tæknisamþykki fyrir viðkomandi vöru til þess að ákvæði mgr. 120.1 verði virk skal krafist vottorða/umsagna um notkunarsvið vöru frá Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins, Brunamálastofnun ríkisins eða öðrum þar til bærum aðilum sem umhverfisráðuneytið viðurkennir."
Húsbyggjandi/eigandi skal því ganga úr skugga um að allt lagnaefni er hann hyggst nota til þessa verks uppfylli ofangreindar kröfur Byggingarreglugerðarinnar.

Almennt um hitakerfi
Nota skal varmaskiptakerfi frá viðurkenndum aðila fyrir gólfhita, en almenna hitaveitu á ofna. Gólfhitakerfið er með ~30% glycol. Gólfhitakerfið annar mestallri hitaþörf hússins. Það sem gólfhitakerfið annar ekki er bætt upp með ofnunum, en þeir eru ýmist stál-panel ofnar eða gólf-ofnar. Nánar um hitakerfi í kerfislýsingu.
Efni og frágangur lagna og annars búnaðar skal vera í samræmi við ÍST 67 (ásamt DS 439) og ÍST EN 442.

Gólfhitalagnir
Gólfhitaleiðslur skulu vera úr Polybutene PB samkvæmt DIN 16968, 4727 og 4726 með súrefnisflæðivörn eða sambærilegt. Gólfhitalagnir skulu vera DN12 (t.d. ø16x2,0) Öll tengistykki gólfhitalagna skulu hæfa lagnaefni.
Bil milli röra í gólfhitalögn skal almennt vera 100-150 mm, sjá nánar á teikningu. Beygjuradíus röra skal ekki vera minni en 5x ytra þvermál rörs og skal setja minnst 3 festingar við hverja beygju Gengið skal frá gólfhitarörum ofnaá einangrun og þar ofnaá kemur ílögn. Ílögn (anhýdrít) í hverju rými fyrir sig skal skilin frá veggjum/útbrún og öðrum svæðum með einangrunarborða.

Stofnar gólfhitalagna að og frá dreifi-/safnskistum skulu vera rör í rör lagnir úr krossbundnu HD Polyethylen (PEX) samkvæmt DIN 16892/3 með súrefnisflæðivörn eða sambærilegt. Hlífðarrör skulu vera úr Polyethylen (PE). Stærðir DN15 og DN20, sjá teikningu. Öll tengistykki stofnlagna skulu hæfa lagnaefni. Stofnar þessi skulu liggja í neðri brún botnplötu.
Tryggja skal að engin óhreinindi berist inní vatnsrör eða milli hlífðarrörs og vatnsrörs, t.d. grjót eða steypa og einnig að þau verði ekki fyrir öðrum skaða, þannig að hægt sé að skipta út rörum síðar ef ástæða verður til þess.

Allar lagnir gólfhita skal þrýstiprófa áður en lögn er steypt inn. Einnig skal hafa vinnuþrýsting á lögnum þegar plata/ílögn er steypt. Þrýstipróf plastlagna skulu vera þrepapróf í samræmi við ráðleggingar framleiðanda.

Stýring hita með gólfhitakerfi
Í hverju herbergi/herbergjum skal koma fyrir hitanema á vegg sem skynjar lofthita og skal hann vera með kjörgildisstillingu. Allir hitanemar gólfhitakerfis tengjast viðkomandi stjórnstöð sem aftur stýrir stjórnlokum fyrir gólfhita hvers rýmis, háð boðum frá hitanemum í viðkomandi herbergi.

Ofnalagnir
Lagnaefni að og frá ofnum skal almennt vera rör í rör efni með vatnsröri úr krossbundnu HD Polyethylen (PEX) samkvæmt DIN 16892/3 með súrefnisflæðivörn eða sambærilegt, DN10 að lágmarki. Hlífðarrör skulu vera úr Polyethylen (PE). Hlífðarrör skulu vera úr Polyethylen (PE). Öll tengistykki ofnalagna skulu hæfa lagnaefni. Sýnilegar ofnalagnir skulu vera úr hefðbundnum svörtrum rörum eða betra. Rör í rör lagnir skulu festast við járnagrind botnplötu. Við frágang rör í rör lagna í plötu skal tryggja mjúka sveigju lagna uppúr plötu í úrtakskassa sem fyllist í síðar. Lagnir skulu ná að minsta kosti 1,2 meter uppúr plötu við innsteypingu. Tryggja skal að engin óhreinindi berist inní vatnsrör eða milli hlífðarrörs og vatnsrörs, t.d. grjót eða steypa og einnig að þau verði ekki fyrir öðrum skaða, þannig að hægt sé að skipta út rörum síðar ef ástæða verður til þess.

Allar lagnir ofna skal þrýstiprófa áður en lögn er steypt inn. Einnig skal hafa vinnuþrýsting á lögnum þegar plata er steypt. Þrýstipróf plastlagna skulu vera þrepapróf í samræmi við ráðleggingar framleiðanda.

Ofnar
Allir ofnar skulu vera frá viðurkendum aðila.
Allir ofnar skulu búnir loftskrúfu og stillité. Allir panel ofnar skulu búnir hitastýrðan ofnloka, ýmist á framrás eða bakrás. Gólfhita-ofnar skulu búnir stjórnloka sem tengist sambyggðum hitanema og stilli á vegg í viðkomandi rými. Gerðir, stærðir og afköst ofna skulu vera í samræmi við ofnatöflu.

Áritun byggingafulltrúa

Áritun samræmingaraðila

Ógáfuferill

NÚMER	DAGS.	SKÝRINGAR	BREYTT AF:

Gólfhitalagnir, sá teikning gólfhita (P301).
Kerfislýsing, sjá teikningu kerfismyndar (P302).

Framrás ofna (festar við járnagrind)
Bakrás ofna (festar við járnagrind)
Framrás gólfhita (í neðri brún botnplötu)
Bakrás gólfhita (í neðri brún botnplötu)

Ofnhitastillir gólfofna, 1,4 m. frá gólfi
Hitastillir gólfhita, 1,4 m. frá gólfi

Samþykkt þann 28 JUNI 2007
Byggingfulltrúinn í Hafnarfirði
F.h.Sigurbjartur Halldórsson

Skematísk sniðmynd yfir legu rör-í-rör lagna og gólfhita í gólfplötu
Mkv. 1:10



Oktagon ehf
Verkfræði- og ráðgjafaþjónusta
Smiðjuvegur 63, 221 Hafnarfjörður
Sími: +354 863 8372 | Netfang: hjortur@simnet.is
www.oktagon.is | kt. 530306-1000

VERK:
Hafravellir 8
Íbúðarhúsnæði
Hafnarfjörður

HEITI: Grunnmynd 1. hæð
Ofnalagnir, Almennar skýringar
Hitakerfi

BLAÐ: P300

HANNAÐ: SHG | TEIKNAÐ: SHG | KVARÐI: 1:50/1:10 - A1

NAFN OG KT. HÖNNUÐAR: S. Hjörtur Guðjónsson, 110167-5989

ÁRITUN HÖNNUÐAR: S. Hjörtur Guðjónsson

ÚTGÁFA: Fr.

DAGS. FRUMÚTGÁFU: 14.feb. 2007

D:/Oktagon/Verkefni/08-0102 Hafravellir 8/03-Hitakerfi